

Óskað var eftir að ríkissáttasemjari færði til bókar hjá sér eftirfarandi:

Á fundi formanns samninganefndar RSÍ (KþS), formanns samninganefndar SA (þV) og ríkissáttasemjara bar KþS upp mál sem snerta stöðu félagsmanna RSÍ sem starfa annars vegar hjá RÚV og hins vegar ÍSAVÍA. Fram kom að RSÍ óskar eftir að kjör þessara félagsmanna verði tekin til skoðunar m.t.t. stöðu þeirra sem starfa á grundvelli kjarasamninga ríkisins og hinna sem starfa skv. samningum á almennum vinnumarkaði. Af hálfu RSÍ er jafnframt farið fram á að gerður verði sérkjarasamningur fyrir þessa starfsmenn fyrirtækjanna.

Samkomulag varð um að í upphafi nýs árs verði kröfur RSÍ tekna til umræðu milli aðila á grunni viðræðuáætlunar sem kveður á um í aðalkjarasamningi RSÍ og SA, dags. 21. desember 2013. Verði viðræðum um sérkjarasamning vegna RÚV og ÍSAVÍA ekki lokið fyrir lok september 2014 geta aðilar vísað deilunni til ríkissáttasemjara sbr. lög nr. 80/1938.

Kristján Þ. Sveinbjörnsson